



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 20. nóvember 2014

Ákvörðun nr. 32/2014

## **Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Gullbergi ehf. og fiskiðjuveri Brimbergs ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 20. október 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Síldarvinnslunnar hf. (hér eftir Síldarvinnslan) á öllu hlutafé í Gullbergi ehf. (hér eftir Gullberg) og fiskiðjuveri Brimbergs ehf. (hér eftir Brimberg) ásamt öllum vélum, áhöldum og tækjum er fylgja viðkomandi fasteign. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningum eru gerðir fyrirvarar um að fyrir liggi samþykki Samkeppniseftirlitsins um kaupin til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Síldarvinnslan byggir á yfir 50 ára reynslu annars vegar í fiskvinnslu og hins vegar útgerð. Félagið hafi verið stofnað 11. desember 1957 og verið síðustu ár leiðandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski, þ.e. síld, loðnu og makríl. Fyrirtækið geri út þrjú skip sem stundi einungis uppsjávarveiðar en þau eru Börkur NK 122, Beitir NK 123 og Birtingur NK 124. Síldarvinnslan starfræki fiskiðjuver í uppsjávarfiski og reki þrjár verksmiðjur sem framleiði fiskimjöl og lýsi. Félagið geri einnig út tvö botnfiskveiðiskip, þ.e. Barða NK 120 og ísfisktogarann Bjart NK 121. Fram kemur að botnfiskvinnsla hafi verið minniháttar hjá Síldarvinnslunni 2012 og engin árið 2013.



Í samrunatilkynningunni er vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.* og tekið fram að Bergur-Huginn sé enn rekið sem sjálfstæð eining innan Síldarvinnslunnar og geri út ísfiskskipin Bergey VE 544 og Vestmannaey VE 444. Þá veiti Síldarvinnslan sérhæfða hafnarþjónustu í Neskaupstað, annist löndun og eigi rúmgóða frysti- og kæligeymslu og afkastamikla ísverksmiðju.

Gullberg er í samrunatilkynningunni sagt vera útgerðarfyrirtæki þar sem megináhersla hafi verið lögð á botnfiskveiðar. Félagið geri út ísfisktogarann Gullver NS 12 og sé megnið af veiddum afla hans seldur til Brimbergs.

Brimberg starfrækir fiskvinnslu og kaupir félagið að sögn allt sitt hráefni af þriðja aðila. Hráefnið sem unnið sé í fiskvinnslu félagsins á Seyðisfirði komi aðallega frá ísfisktogaranum Gullver NS 12 sem sé eins og frammar segir í eigu Gullbergs.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.* var ekki sýnt fram á yferráð Samherja né Gjögurs hf. yfir Síldarvinnslunni og teljast þessi þrjú fyrirtæki vera sjálfstæð í skilningi samkeppnislaga. Fyrirtækin eru þar að auki bæði raunverulegir og mögulegir keppinautar í fiskveiðum, fiskvinnslu og sölu fiskafurða hér á landi, sbr. umfjöllun í framangreindri ákvörðun. Um bein og óbein yferráð Síldarvinnslunnar í öðrum félögum segir í samrunatilkynningu að félagið eigi 66,8% eignarhlut í Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf., 58,1% eignarhlut í Fjárfestingafélaginu Vör ehf., 70% eignarhlut í Seley ehf., 100% eignarhlut í Snæfelli ehf., 100% eignarhlut í Bergi-Huginn ehf., 61% eignarhlut í Olíusamlagi útvegsmanna í Neskaupstað og 100% eignarhlut í SVN eignarfélagi. Fram kemur að ekkert af framangreindum dótturfélögum sé í starfsemi er varðar veiðar og/eða vinnslu á botnfiski að undanskildu Bergi-Huginn ehf.

Um bein yferráð Gullbergs segir í samrunatilkynningunni að félagið eigi 71,8% í Brattahlíð ehf. en starfsemi félagsins skarist ekki á þeim mörkuðum sem Síldarvinnslan eða Gullberg starfi á.

Með kaupsamningum, dags. 25. september 2014, keypti Síldarvinnslan allt hlutfé (100%) í Gullbergi þar sem helsta eign þess sé togarinn Gullver NS 12 og fiskiðjuver Brimbergs ásamt fasteign á Seyðisfirði ásamt öllum vélum, áhöldum og tækjum er fylgja viðkomandi fasteign og rekstri seljanda.

Af þessu má ráða að í máli þessu er um að ræða láréttan samruna sem felst í því að Síldarvinnslan eignast í aðalatriðum útgerðafélag og togara sem stundar botnfiskveiðar og rekur fiskiðjuver á Seyðisfirði.

### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem



máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samrunaaðilar starfa að hluta til á sömu mörkuðum. Síldarvinnslan stundar að mestu uppsjávarveiðar en einnig botnfiskveiðar og hefur fiskvinnsla félagsins nánast eingöngu verið í uppsjávarfiski en botnfiskafli félagsins að mestu seldur til þriðja aðila. Gullberg stundar eingöngu botnfiskveiðar og er ekki með fiskvinnslu heldur selur hráefnið m.a. til Brimbergs. Síldarvinnslan og dótturfélag þess Bergur-Huginn selja óverulegan hluta af hráefninu á fiskmarkaði en þess í stað til þriðja aðila innanlands eða beint á erlenda markaði. Gullberg selur nánast eingöngu hráefni til vinnslu innanlands og einnig beint á erlenda markaði í gámum. Samrunaaðilar telja unnt við skilgreiningu markaða að líta til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.* þar sem í sambærilegu máli hafi m.a. verið litið til markaðsstöðu eftir úthlutuðu aflamarki í þorskígildum við mat á stöðu fyrirtækja á markaði. Samrunaaðilar benda á að í framangreindu máli hafi Samkeppniseftirlitið einnig talið að líta bæri til markaðar með veiðar á botnfiski og ráðstöfun þess afla innanlands til eigin vinnslu eða þriðja aðila, til fiskmarkaða eða í beinan útflutning. Þá er auk þess lagt mat á hlutdeild Brimbergs á markaði fyrir vinnslu botnfiskafla innanlands.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland þar sem þá vörumarkaði sem þeir starfi sameiginlega á sé nánast eingöngu þar að finna. Vísast í þessu sambandi til framangreindrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 þar sem byggt var á því að málið varði „*starfsemi útgerða á Íslandi sem feli í sér fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er skv. lögum nr. 116/2006 og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfun á þeim afla þegar honum er landað hér á landi*“.

Samkeppniseftirlitið tekur undir skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins þ.m.t. landfræðilegum markaði. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu og fylgdi samrunatilkynningunni má sjá að samrunaaðilar eru vel innan við 10% í aflahlutdeild í einstökum botnfisktegundum eftir samrunann.

Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls má sjá að markaðshlutdeild þeirra er óveruleg bæði fyrir og eftir að samruni þeirra hefur átt sér stað.

Af framangreindu telja samrunaaðilar að ekki sé unnt að meta það svo að þeir hafi markaðsraðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum þessa máls hvorki hver fyrir sig eða sameiginlega. Samrunaaðilar telja auk þess að með samrunanum muni ekki gæta teljandi áhrifa á þeim mörkuðum sem þeir starfa enda muni markaðshlutdeild Síldarvinnslunnar í bolfiski aukast óverulega sé litið til markaðarins í heild.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að sá samruni sem felst í kaupum Síldarvinnslunnar á 100% hlutafjár í Gullbergi og fiskiðjuveri Brimbergs sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningum, dags. 25. september 2014, keypti Síldarvinnslan hf. 100% hlutafjár í Gullbergi ehf., þar sem helstu eignir félagsins eru eitt togskip, og fiskiðjuver Brimbergs ehf. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson